

## Skólaráðsfundur 23.03.18 – fundargerð.

1. Fulltrúar nemendafélagsins koma og fara yfir nokkur verkefni vetrarins.

Elfa María Birgisdóttir 10.BP, Bjarki Björnsson 10.SJ, Ebba Kristín Yngvadóttir 10.SG og Brynjar Ingi Unnsteinsson frístundaráðgjafi kynntu starfsemi nemendafélagsins. Þau sögðu m.a. frá fundi sem áætlað er að halda með nemendum unglingsdeildar, til að byrja með í þjóðfundaformi, en ekki er komin tímasetning á hann. Einnig sögðu þau frá hljómsveitarvalinu og þeirra þætti í jólaballi, árshátíð og útskriftarhátíðinni og voru fulltrúar foreldra mjög ánægðir með það. Ánægja var með árshátíð nemenda en viss vonbrigði með slaka mætingu, þörf á að finna nýjar leiðir til að fá fleiri til að mæta. Ebba lýsti vonbrigðum sínum með að hafa ekki fengið þann mat sem henni hafði verið lofaður, en hún er grænmetisæta, og var svo með fleiri. Titlum sem venja er að veita nemendum var breytt í ár og voru mismunandi skoðanir á því. Hugmynd kom fram um að tengja árshátíðina við þemadaga. Þemadagar tókust mjög vel og nemendur mjög ánægðir en tillaga að þema kom frá nemendaráði. Ýmsar nýjungar hafa verið ræddar s.s. að hafa tónlist í hádegishléi og gula/rauða daga. Nemendaráðið kemur að skipulagningu á viðburðum félagsmiðstöðvarinnar Fjörgynjar s.s. opnum kvöldum, vinaballi, bíókvöldum og í farvatninu eru nýjar peysur með nýju logoi. Skúli varpaði fram þeirri hugmynd að nemendur færu út og hreinsuðu til í nærumhverfi skólans og voru nemendur mishrífir af þeirri hugmynd. Að lokum sögðu nemendur frá hversu þeir væru ánægðir með að hafa verið í nemendaráðinu og telja að það muni hjálpa þeim þegar lengra verður komið í námi.

2. Skóladagatal 2018-2019

Farið var yfir drög að skóladagatali komandi skólaárs. Umræður voru um dagatalið og hversu niðurnjörvað það er. Útskýrðir voru dagarnir sem merktir eru „hver er ég“ og lýstu fulltrúar foreldra ánægju sinni með þetta fyrirkomulag. Spurning með tímasetningu samráðsdags í október. Hvernig nýtist hann? Hvaða áherslur á að vera með?

3. Önnur mál.

Erindi kom frá Guðlaugu Björk Karlsdóttur, fulltrúa foreldra um eftirfarandi:

### 1. Hvenær verða aðgerðir kláraðar vegna hljóðvistar í matsal?

Verið er að tengja loftræstingu í matsal og líkur því fljótlega. Það á eftir að klára að setja upp lista og búið er um 2m kafla. Annars nánast búið.

Aðgerðir vegna hljóðvistar í matsal eru hafnar en nú er beðið eftir efni til að geta klárað verkið. Umsjónarmaður er í sambandi við verkataka og Héðinn sem sér um verkefni tengd skólum í Grafarvogi.

*Lokið var við hljóðvist í salnum þriðjudaginn 3. apríl.*

### 2. Hvernig er gæslu háttað í frímínútum? Hvar er gæsla staðsett í kringum skólann? Nær fólk í gæslu að manna alla skólalóðina? Er skoðun stjórnenda skólans að þörf sé á úrbótum í tengslum við gæslu í frímínútum eða eru hún fullnægjandi?

Gæsla er fyrirfram skipulögð og eru þeir sem henni sinna í gulum vestum.

Leggjum upp með að fylgst sé með nemendum, talað við nemendur og brugðist við þegar það á við. Fylgjum eftir með því að ræða við bekki eða einstaklinga þegar mál koma upp. Höfum einnig einstaklinga undir frekari eftirliti og eyrnamerkjum þá einstaklinga

Mönnum öll svæði. Þegar forföll eru reynum við að setja aðila í gæslu í stað þess sem vantar.

Það eru 5 starfsmenn á útivakt í 9:30 frímínútum auk þeirra sem fylgja eftir börnum í Foldaveri. Auk þess er vakt inni á göngum og í Fjörgyn. Útidyr eru ekki læstar.

11:10 – 11:20 eru 4 starfsmenn auk starfsmanna í Foldaveri.

Í matsal fylgja umsjónakennarar 1. – 3. bekk í mat og einn kennari fylgir 4.bekki auk starfsmanna.

Í matsal á miðstigi 1 – 2 kennarar eftir fjölda ( færri á mán. og mið. vegna sundhópa ) auk starfsmanna.

Í matsal unglíngastig 2 kennarar auk starfsmanna.

12 .00 – 12:20 er 1 starfsmaður úti ( miðstigi )

12:20 – 12:40 útivakt 3 – 4 starfsmenn auk starfsmanna í Fjörgyn.

*Í ár höfum við verið með samvinnuverkefni á unglíngastigi sem ber yfirheitið Hádegisvaktin. Þar koma nemendur úr 10. bekk og aðstoða í matsalnum. Þetta verkefni hefur gefist mjög vel og gefið nemendum af yngri stigum tækifæri til þess að kynnast nemendum af unglíngastigi.*

*Væri æskilegt að það væru fleiri 12:00 – 12:20 með miðstigi að öðru leiti virðist vel mannað. Reyndar skapast stundum erfiðleikar þegar forföll eru og fólk fer á vakt sem þekkir börnin ekki mikið.*

*Skólalóðin býður uppá góða leiki en er aftur á móti er hún erfið til gæslu þar sem hún er mjög opin og ekki lokuð af með girðingu. Nú er áttak með yngri börnunum að fara ekki út fyrir svæðið en þau eiga að leika á svæði 1.*

*Kennarar þurfa ekki að sinna útigæslu samkvæmt kjarasamningi og því þarf að semja sérstaklega um það. Passa þarf uppá að allir kennarar fái 30 mínútur í matartíma og því eru mjög fáir kennarar sem geta tekið útivakt í hádegi. Einnig eiga þeir rétt á kaffitíma 20 mínútur f.h. og því þarf að semja við kennara sem eru með kennsluhlé fyrir eða eftir frímínútur.*

**3. Hvert er hlutfall nemenda sem eiga foreldra af erlendum uppruna? Hvernig er háttað móttöku barna og foreldra sem koma ný í skólann hvort sem það séu börn foreldra með uppruna frá Íslandi eða börn foreldra af erlendum uppruna? Hversu lengi er stutt við þau eftir komuna í skólann og með hvaða hætti er sá stuðningur?**

Í skólanum eru 48 börn sem eiga foreldra af erlendum uppruna. Einhver af þessum börnum eru fædd og uppalin á Íslandi og sumir foreldrar búið lengi á landinu og þurfa t.d. ekki túlk í viðtölum.

Af heimasíðu <https://foldaskoli.is/upplýsingar/2014-11-14-17-11-09>

Móttaka nýbúa við skólann

*Þegar beiðni um skólavist nýbúa liggur fyrir er unnið samkvæmt áætlun frá Menntasviði Reykjavíkurborgar. Þar kemur m.a. fram að umsjónarmaður nýbúafræðslu skólans boðar til fyrsta fundar með nemanda, foreldrum, umsjónarkennara og túlk, ef með þarf. Á fundinum er foreldrum kynntur „Upplýsingabæklingur fyrir erlenda foreldra grunnskólabarna.“ Í bæklingnum eru margar hagnýtar upplýsingar um starfsemi íslenska grunnskólans. Á fundinum er farið yfir nauðsynlegar upplýsingar fyrir foreldra um skólann. Einnig fær skólinn upplýsingar um bakgrunn nemandans og aðstæður hans.*

Móttaka nemenda sem hefja skólagöngu

*Fimm ára nemendur fá bréf frá skólanum að vori þar sem þeim er boðið að koma í skólann í u.þ.b. tvær kennslustundir. Tekið er á móti nemendum og foreldrum þeirra á sal og skólustarf kynnt. Foreldrar fá bækling sem heitir „Gagn og gaman fyrir foreldra“. Nemendur fara síðan í skólastofur þar sem þeir kynnast skólustarfinu. Að hausti er nemandi, ásamt foreldrum, boðaður í viðtal hjá umsjónarkennara áður en skólustarf hefst. Foreldrar hafa þá fengið sendan heim upplýsinga- og athafnalista sem þeir fylla út heima með barninu sínu og koma með í viðtalið.*

Móttaka nýrra nemenda

*Umsjónarkennari boðar nemanda og forráðamann hans í viðtal og heimsókn áður en skóli hefst. Sama gildir um nemendur sem koma í skólann eftir að kennsla er hafin. Kennarar reyna eftir bestu getu að fylgjast með og stuðla að því að nemanda líði vel og myndi félagsleg tengsl.*

Eins og staðan er núna þá er tekið á móti nemanda og foreldrum í móttökuvíðtali með túlki og hjúkrunarfræðingi sem aðstoðar fólk með praktíska þætti tengda heilsugæslunni, fólk aðstoðað eftir megni að tengja börn inn í skólann, mötuneyti og frístundastarf.

Nýbúakennsla er í boði fyrstu tvö árin eftir komu (og/eða eftir skýru fyrirkomulagi SFS), eftir þann tíma er unnið út frá niðurstöðum „milli mála“ sem metur færni nemenda til að stunda nám í íslensku málumhverfi og þörfin fyrir stuðning metin þar.

Nemendum stendur til boða að sækja um heimanámsaðstoð fyrir nýbúa í Spönginni, sótt er um í gegnum Miðgarð.

Á samráðsdögum býðst fólki að fá túlk.

*Hér skapaðist umræða um stöðu nýbúa almennt, hvort sem um ræðir Íslendinga sem hafa búið erlendis eða nemendur af erlendu bergi brotin. Hér þarf að gera betur og styðja við nemendur þegar þeir koma inn. Hjá Reykjavíkurborg hefur sama umræða átt sér stað og er þetta því átaksverkefni sem þyrfti að ráðast í víða.*

**4. Með hvaða hætti eru ferðir utan skóla (útskriftarferðir, Reykir og slíkar ferðir) mannaðar að hálfu skólans? Er gerður greinarmunur á útskriftarferð eða ferð t.d. á Reyki? Eru fyrirfram skilgreind kostnaðarviðmið á ferðum á vegum skólans? Ef svo, hver eru þau? eða í útskriftarferð?**

Reykir og Laugar: Nemendur hafa greitt upphald en skóli greitt rútur og kostnað vegna starfsfólks. Við höfum einnig óskað eftir foreldrum til aðstoðar hluta tímans eða allan. Þegar ekki hafa fengist foreldrar með í ferðir höfum við bætt við starfsmanni.

Útskriftarferð hefur verið í höndum foreldra og þeir séð um skipulagningu og fjáröflun vegna þessa. Kostnaðarviðmið eru út frá því sem staðirnir leggja upp með og hafa verið í kringum 25.000 kr. Skólinn styrkir ferðina í gegnum Hádegisvaktina sem hefur verið tilraunaverkefni í ár.

**5. Árshátíð kostnaður á nemenda 3.500 kr.? Eru allir nemendur hvattir til þátttöku? Hvaða leiðir eru fyrir forráðamenn barna sem ekki geta látið af hendi 3.500 kr.? Eru forráðamönnum og börnum kynnt úrræði vegna auka útgjalda í tengslum við skólaskemmtanir?**

Kostnaður vegna árshátíðar er vegna fæðis, drykkja og plötusnúða en skólinn greiðir fyrir viðveru starfsmanna og hluta af launum starfsmanna mötuneytis. Allir nemendur eru hvattir til þátttöku og auglýst með góðum fyrirvara. Um er ræða samstarfsverkefni við Fjörgyn. Ef fjölskyldur geta ekki staðið straum af kostnaði vegna ferða/árshátíðar hefur skólinn greitt fyrir nemendur og/eða styrkur sóttur t.d. til Hróa Hattar Barnavinafélags.

Guðlaug þyrfti síðan að fara kl. 9.10 en fundi var slitið kl. 9.30

Mættir á fundinn:

Skúli Kristjánsson, Krístrún Guðjónsdóttir, Elfa Arnardóttir, Karen Björk Guðjónsdóttir, Sigrún H. Jónsdóttir, Guðlaug Björk Karlsdóttir, Kristinn Þorleifsson og Elfa María Birgisdóttir.

Fundargerð rituð af Sigrúnu Helgu Jónsdóttur í fjarveru Báru Jóhannsdóttur